

## Skilmálar vegna peningamarkaðsinnlána

### 1. gr. Almenn

Þessir almennu samningsskilmálar gilda um peningamarkaðsinnlán viðskiptamanns hjá Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „bankinn“).

Almennu samningsskilmálarnir geyma ákvæði um réttindi og skyldur aðila vegna peningamarkaðsinnláns viðskiptamanns.

### 2. gr. Peningamarkaðsinnlán, lánstími og dagaregla

Bankinn sendir viðskiptamanni staðfestingu innláns um leið og viðskiptamaður hefur lagt inn peningamarkaðsinnlán hjá bankanum. Í staðfestingunni koma fram fjárhæð peningamarkaðsinnlánsins, vaxtakjör, samningsdagur, gildistöku dagur og gjalddagi.

Viðskiptamaður getur ekki lagt frekari fjármuni inn á peningamarkaðsinnlánsreikning (MM reikning) sinn hjá bankanum (hér eftir „bankareikningurinn“), á gildistíma hvers peningamarkaðsinnláns fyrir sig.

Bankinn mun fara með frekari innlegg viðskiptamanns inn á bankareikninginn sem nýtt peningamarkaðsinnlán. Við þær aðstæður ákvarðar bankinn vexti út frá markaðsaðstæðum, en ekki fyrri samningi aðila um peningamarkaðsinnlán.

Lánstíminn er frá gildistöku degi til gjalddaga.

Dagaregla er Actual/360 (ICMA).

### 3. gr. Vextir og vaxtatímabil

Bankinn greiðir umsamda vexti af peningamarkaðsinnláninu. Vextir eru fastir út lánstíma peningamarkaðsinnlánsins.

Peningamarkaðsinnlánið ber vexti frá gildistöku degi og fram að deginum fyrir gjalddaga (vextir falla ekki á innlánið á gjalddaga). Vextir reiknast daglega af upphæð peningamarkaðsinnlánsins, en vextir leggjast ekki við höfuðstól og peningamarkaðsinnlánið ber ekki vaxtavexti.

### 4. gr. Útborgun og gjalddagi

Á gjalddaga er peningamarkaðsinnláninu ásamt áföllnum vöxtum að frádregnum fjármagnstekjuskatti ráðstafað að fullu á bankareikning viðskiptamanns.

Peningamarkaðsinnlánið er ekki laust til útborgunar fyrr en á gjalddaga og viðskiptamaður hefur engar heimildir til að (i) gjaldfella peningamarkaðsinnlánið, (ii) segja upp eða (iii) rifta samningnum um peningamarkaðsinnlánið.

Viðskiptamaður getur sent bankanum skriflega beiðni um útborgun peningamarkaðsinnlánsins fyrir gjalddaga en bankanum er ekki skylt að verða við slíkri beiðni.

Ef bankinn heimilar útborgun peningamarkaðsinnlánsins fyrir gjalddaga ber viðskiptamanni að greiða úttektargjald sem ákveðið er af bankanum. Bankinn ákveður úttektargjald með hliðsjón af (i) þeirri upphæð sem koma á til útborgunar, (ii) fyrirhuguðum gjalddaga, (iii) markaðsaðstæðna á fjármálamörkuðum og (iv) þeirra lánskjara sem bankinn nýtur á hverjum tíma.

### 5. gr. Réttur til að halda eftir greiðslu og skuldajöfnun (nettun)

Bankanum er heimilt en ekki skylt að halda eftir greiðslu peningamarkaðsinnláns ef viðskiptamaður hefur vanefnt aðrar skuldbindingar sínar gagnvart bankanum, gildir einu

hvort sú skuldbinding leggur greiðsluskyldu á viðskiptamann eða hún er til komin vegna ábyrgðar sem hann hefur undirgengist fyrir þriðja aðila.

Ef einhver skuldbinding viðskiptamanns gagnvart bankanum er gjaldfelld er bankanum heimilt að beita skuldajöfnuði þannig að peningamarkaðsinnlánu ásamt áföllnum vöxtum verði ráðstafað til greiðslu á skuldbindingu viðskiptamanns gagnvart bankanum og aðeins mismunur komi til greiðslu til viðskiptamanns á gjalddaga, ef einhver er. Bankanum er heimilt að beita skuldajöfnuði án tillits til gjalddaga eða veðsetningar peningamarkaðsinnstæðunnar.

Áður en peningamarkaðsinnlánið ásamt áföllnum vöxtum að frádregnum fjármagnstekjuskatti kemur til útborgunar er bæði viðskiptamanni og bankanum heimilt að ráðstafa kröfunni á gjalddaga til skuldajafnaðar á móti skuldbindingu viðskiptamannsins gagnvart bankanum þannig að aðeins mismunur komi til greiðslu ef einhver er.

#### **6. gr. Framsal og veðsetning**

Viðskiptamanni er óheimilt að framselja peningamarkaðsinnlánið.

Viðskiptamanni er heimilt að veðsetja peningamarkaðsinnlánið (fjárkröfuna). Bankanum skal tilkynnt um slíka veðsetningu þar sem fram skulu koma upplýsingar um veðhafa sem og hvert bankanum beri að greiða peningamarkaðsinnlánið ásamt áföllnum vöxtum á gjalddaga, sbr. 45. og 46. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997. Bankinn innheimtir þóknun sem nemur 10.000 kr. vegna skráningar veðsetningar í kerfi bankans sem dregst frá greiðslu á gjalddaga.

#### **7. gr. Önnur ákvæði**

Komi upp ágreiningsmál vegna peningamarkaðsinnláns hjá Kviku banka hf. skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.